

# Sól á Suðurnesjum

Guðbjörg R. Jóhannesdóttir og

Elvar Geir Sævarsson

Orkustefnunni í heild sinni ber að fagna, þar er tekið tillit til helstu atriða sem hafa ber í huga við sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda, atriða sem ekki hafa verið rædd ítarlega hér á landi áður. T.d. hafa hagsmunir komandi kynslóða ekki virst vega þungt í umræðunni hingað til (en í Orkustefnunni segir að þá verði að hafa í huga við forgangsröðun virkjanakosta, kafla 4.1.1), og sömuleiðis öryggismálin, sem rædd eru í kafla 5. Einnig er jákvætt að áhersla er lögð á að „gæta þurfi að opinni upplýsingagjöf, rýni og aðhaldi almennings í anda Árórsarsamningsins” (4.1.2) Við þetta mætti þó bæta að mikilvægt er að Ísland taki upp Evrópska Landslagssáttmálann, en þar er einnig lögð áhersla á leiðir til þess að almenningur taki aukinn þátt í ákvarðanatöku og stefnumótun er varðar landslag og landnýtingu.

Mjög jákvætt er að áhersla sé lögð á jafnstöðuvinnslu jarðvarma. Mörg náttúruverndarsamtök, þar á meðal Sól á Suðurnesjum, hafa bent á það á síðustu árum að jarðvarmaorka hentar illa til stóriðjunotkunar og að fara verði gætilega í nýtingu þessarar orku sem aðeins getur talist sjálfbær ef hún er nýtt með jafnstöðuvinnslu.

Eins er jákvætt að rætt sé um Vatnatilskipun ESB, en þetta er þáttur sem lítið tillit hefur verið tekið til áður en ætti að vera lykilþáttur í ákvörðunartöku um frekari vatnsaflsvirkjanir.

Einnig teljum við umræðuna í kafla 5.7 um fjölbreytni orkugjafa mikilvæga og leggja megi aukna áherslu á að þróa tækni á öðrum sviðum svo sem sjávarfalla, -vind og -sólárorku.

Í umræðu um verndargildi náttúru í kafla 6.1 kemur fram að ekkert heildstætt mat á verndargildi landsvæða á Íslandi liggi fyrir. Þar er einnig talað um að:

„Þar sem virkjanlegt vatnsafl er að finna í einhverjum mæli er oft einnig stórbrotið og eftirsótt landslag, fossar og flúðir. Að sama skapi einkennast háhitasvæði gjarnan af fjölbreytilegum jarðmyndunum, hverum, hraunum, gígaröðum og eldfjöllum. Því má ætla að verndargildi náttúru á virkjanlegum stöðum sé alla jafna hátt í samanburði við önnur landsvæði” (kafla 6.1).

Mikil þörf er á heildstæðu mati á verndargildi landsvæða á Íslandi, og slíkt mat verður að taka tillit til allra hliða verndargildis og ekki síst til þeirrar hliðar sem snýr að fagurfræðilegu gildi landslags. Þegar rætt er um „stórbrotið og eftirsótt landslag” eða „fjölbreytilegar jarðmyndanir” er í raun verið að fjalla um fagurfræðilegt gildi landslags. Það þarf að auka umfjöllun um landslag og landslagsvernd á Íslandi þar sem líklegt er að mjög stór hluti verndargildis íslenskrar náttúru liggi í þeim þáttum sem snúa að einstöku landslagi. Þegar rætt er um að bera virðingu fyrir sérkennum Íslands ætti einmitt að leggja áherslu á það sérkenni íslenskrar náttúru að fjölbreytileiki hennar liggur meira í jarðfræðilegri fjölbreytni og fjölbreytni í landslagi en í líffræðilegum fjölbreytileika sem hefur oft verið helsta mælistika fyrir náttúruvernd. Eina tilvísunin til landslags í Orkustefnunni er í kafla 6.6. um flutningskerfi raforku. Auka þarf umfjöllun og skilning fólks á hugtakinu svo það megi skipa

stærri sess í ákvörðunartöku um verndun og nýtingu.

Þegar rætt er um hagrænt mat á umhverfiskostnaði í kafla 6.2 mætti ræða ítarlegar um þann umhverfiskostnað sem ekki er hægt að mæla á hagrænan, tölulegan hátt (t.d. fagurfræðilegt gildi) og leiðir sem fara má til þess að meta slíkan umhverfiskostnað. Í þessu samhengi má skýra betur hvað er átt við með hugtökunum náttúrugæði og náttúruverðmæti. Er þá einungis verið að tala um gæði sem hægt er að selja og skila peningaverðmætum? Hvað með þau andlegu og menningarlegu gæði sem náttúran skapar þjóðinni og verða ekki metin til fjár?